

Ávarp iðnaðarráðherra, Katrínar Júlíusdóttur, á ársfundi Byggðastofnunar sem fram fór í Hótel Reynihlíð við Mývatn, 20. maí 2009.

Kæru ársfundargestir,

Þetta er með fyrstu stóru viðburðunum sem ég sæki sem iðnaðarráðherra – þar sem mér gefst tækifæri til að kynna nokkrar af helstu áherslum mínum á málefnasviði ráðuneytisins.

Náttúran er að lifna og senn íklæðist hún fullu sumarskrúði. Og um þessar mundir er allt að verða nýtt, ærnar, kýr og smalinn eins og þar stendur. Og eins er það með stjórn málin, við neyðumst til þess eftir hrunið að byrja upp á nýtt, skoða alla hluti á nýjan hátt og finna leiðir að markmiðum okkar sem eru ódýrari, betri og árangursríkari en farnar hefur verið áður.

Það á að vera öllum nokkuð ljóst að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs var mynduð á grundvelli þess meginmarkmiðs að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika og leita þjóðarsamstöðu um leiðir til endurreisnar. Endurreisn atvinnu- og mannlífsins byggir einkum á eflingu menntunar, rannsókna, þróunar, menningarstarfsemi og á íslenskri frumsköpun - þar sem allt fléttast saman við áherslu á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti allra borgaranna. Hún krefst einnig samstilltra aðgerða til að auka trú og traust á íslensku efnahagslífi, sem er ein forsenda þess að bæta rekstrarumhverfi atvinnulífsins og styrkja búsetu á öllu landinu.

Brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum er að draga úr atvinnuleysi, útrýma langtíma atvinnuleysi og skapa traustan grunn fyrir íslenskt atvinnulíf til framtíðar. Áhersla verður lögð á fjölbreytt atvinnulíf, jafnan en stöðugan hagvöxt, nýsköpun og sjálfbæra nýtingu til lands og sjávar.

Iðnaðarráðuneytið hefur nú þegar lagt gjörva hönd á plóginn til að efla atvinnu, m.a með því að efla stuðningsþjónustu við atvinnulaust fólk – með opnun frumkvöðlasetra til að örva nýsköpun og stofnun fyrirtækja – og með því að beita sé fyrir lagfæringum á skattalögum til að skapa hvata fyrir eflingu rannsókna og þróunar – svo fátt eitt sé nefnt. Áfram verður haldið því kynntar hafa verið aðgerðir sem gætu leitt til sköpunar allt að 6.000 nýrra starfa, eins og fjallað hefur verið um við önnur tækifæri. Enn frekari aðgerðir eru framundan til að vinna bug á atvinnuleysinu sem á ekki heima í velferðarsamfélagi framtíðarinnar. Velferðarsamfélaginu sem þessi ríkisstjórn ætlar að treysta í sessi hér á landi.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að skoða sem flest frá nýjum grunni og láta hefðir og venjur ekki verða sér fjötur um fót. Þið hafið öll séð merki þessa í samstarfsyfirlýsingunni, t.d. í uppstokkun stjórnarráðsins, en hér vil ég sérstaklega draga fram þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir mótun heildstæðrar atvinnustefnu fyrir Ísland allt. Hún byggir á jafnræði atvinnugreina, jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Jafnframt verður hugað að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með alþjóðlegum samanburði.

Þessi atvinnustefna hefur mjög víðtæka skírskotun – þar sem hún tengist þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að efna til samráðs um sóknaráætlanir fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar. Markmiðið er að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn.

Allar áætlanir í samgöngumálum, fjarskiptamálum, ferðamálum og byggðamálum þarf að bræða saman. Þessu tengjast áætlanir um eflingu sveitastjórnarstigs, vaxtarsamninga og framkvæmdaáætlana sem verða einnig leiðarstef í nýrri framtíðarsýn.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um heildarstefnu í atvinnumálum má í meginatriðum skipta í tvennt.

Annarsvegar eru málefni atvinnulífs og nýsköpunar þess, þ.e. einskonar atvinnupólítísk byggðaáætlun fyrir allt landið þar sem höfuðborgarsvæðið er ekki undanskilið. Stoðkerfi atvinnulífsins kemur her til skoðunar. Ef við lítum okkur nær, og tökum dæmi af starfsemi á vegum iðnaðarráðuneytisins, þá er um að ræða starfsemi Byggðastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Ferðamálastofu og Tækniþróunarsjóðs. Markmiðið er að samhæfa starfsemina betur, gera hana skilvirkari og gegnsærri. Til verður ein atvinnustefna fyrir allt Ísland en horfið verður frá því að líta á atvinnuþróun á landsbyggðinni sem aukastærð. Stoðkerfið verður fellt að þessari heildarsýn en gætt að sérkennum hvers landshluta út frá styrkleikum og staðbundnum sóknarmöguleikum. Þannig náum við markvissum árangri. Til þess að ná jöfnuði á milli svæða verður beitt svæðisbundnum vaxtarsamningum og öðrum álíka samningum sem falla að sameiginlegum markmiðum og framtíðarsýn.

Á hinn bóginn er um að ræða samþættingu ýmissa veigamikilla áætlana sem eru á mismunandi stigum í stjórnkerfinu. Þetta eru hinar ýmsu áætlanir ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. skipulagsáætlanir þeirra, samgönguáætlun og fjarskiptaáætlanir ríkisins og fleiri sem þarf að fella í samstæða heild. Þá er ekki síður mikilvægt að horfa til áætlana ráðuneyta um uppbyggingu þjónustu, um eflingu sveitarfélaga og flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Þegar öllu er á botninn hvolft snýst þetta hvort tveggja um að auka árangur. Markmiðið er að Ísland verði aftur eitt af 10 samkeppnishæfustu ríkjum heimsins árið 2020. Á okkur er engan bilbug að finna. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að leggja heildstætt mat á styrkleika Íslands og tækifæri - og hvernig sækja megi fram, ekki síst á sviði atvinnumála. Hluti þess er að fá skýra yfirsýn um áætlanir sem heyra undir ólík ráðuneyti og hvernig þær geti spilað saman. Afurð vinnunnar yrði sérstakar sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða. Sóknaráætlanirnar verða unnar í samráði við íbúa, sveitarfélög, hagsmunaaðila, grasrótarhreyfingar og sérfræðinga.

Þetta verk er ekki einfalt og krefst góðrar skipulagningar frá upphafi til enda. Mörg ráðuneyti þurfa að koma að vinnunni og því verður samræmingin í höndum forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að fimm manna stýrihópur hafi yfirumsjón með undirbúningi verksins, en hann mun hafa samráð við fulltrúa þeirra sem málið snertir.

Í nánari útfærslu má gera ráð fyrir að vinnan verði felld í tvo samhliða farvegi:

Í fyrsta lagi verður um að ræða hina atvinnupólítísku stefnumótun, sem eðli málsins samkvæmt má ætla að verði á ábyrgð iðnaðarráðuneytis.

Í öðru lagi er hin yfirgripsmikla samþætting áætlana sem tengist stjórnsýslu sveitarstjórnarmála og eðli þess máls samkvæmt má ætla að verði á könnu samgönguráðuneytis.

Uppkast að nýrri byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabilið 2010 – 2013 liggur fyrir. Byggðastofnun hefur haft víðtækt samráð við helstu hagsmunadila, eins og sveitastjórnir og atvinnuþróunarfélög. Ég fagna því að svo hafi verið enda veit ég til þess að tekið hefur verið tillit til ábendinga sem þar komu fram.

Áherslur byggðaáætlunarinnar eru fyrst og fremst á atvinnumál landsbyggðarinnar, eins og við er að búast. Samþætting áætlana fær þar þó rými í fyrsta sinn, eins og eftir hefur verið kallað. Þá eru settar fram nýjar áherslur er tengjast sjávarútvegi og landbúnaði, - en ég tók eftir því að hvergi er minnst á iðnað eða iðnaðarmál. Ég er ekki að kvarta yfir því heldur aðeins að benda á að málaflokkar hinna hefðbundnu atvinnugreina eru orðnir svo samtvinnaðir í tímans rás að málefni nýsköpunar snerta hagsmuni þeirra allra – þvert á girðingar.

Það er mikilvægt að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hefur ákveðið að sameina ráðuneyti atvinnugreinanna undir eitt ráðuneyti: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti - sem tekur til allra atvinnugreina, utan opinbera geirans og fjármálamarkaðarins – og mun m.a. fjalla um málefni rannsókna, nýsköpunar og þróunar á þverfaglegan hátt. Skipulag þess mun væntanlega taka mið af þeirri heildstæðu stefnumótun í atvinnumálum, sem ég hef vikið að hér að framan og verður mikilvægur liður í undirbúningi nýs ráðuneytis. Þar munu málefni atvinnuþróunar vega þungt og áhersla verður á skilvirkt stoðkerfi í þágu allra landsmanna. Áfram verður haldið með uppbyggingu þekkingarsetra og vaxtarsamningar munu áfram verða þungamiðja samstafs stjórnvalda og heimamanna um eflingu atvinnu- og mannlífs.

Um síðustu áramót var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar komið niður í 2,8% en samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er lögbundið lágmark þess 8%. Ástæðu þess má rekja til margra samverkandi þátta, en þyngst vega stórfellt gengisfall krónunnar, en vegna þess hefur útlánasafn stofnunarinnar stækkað mun meira en gert hefði mátt ráð fyrir í venjulegu árferði. Þá hefur orðið að færa verulega niður hlutafjáreign stofnunarinnar. Á vettvangi ríkisstjórnarinnar er nú unnið að því að koma eiginfjárlutfalli Byggðastofnunar í viðunandi horf og svo stofnunin geti sinnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti. Þessari vinnu mun ljúka á næstunni.

Ágætu ársfundargestir:

Ég hef í ávarpi þessu dregið á nokkur þeirra atriða sem snerta starfsemi Byggðastofnunar. Fram hefur komið að meðal þeirra stjórnkerfisumbóta sem ráðist verður í á kjörtímabilinu er að til verður nýtt ráðuneyti sveitarstjórna, samgöngu og byggðaþróunar. Við það fá málefni er varða eflingu sveitarstjórnarstigsins aukið vægi og má búast við að tilfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga fái aukinn byr í seglin auk þess sem hin almenna stefnumótun byggðamála og samþætting áætlana fái þar heimilisfestu. Iðnaðarráðuneytið styður þessar breytingar þar sem skýrari áhersla verður þá á kjarnastarfsemi ráðuneytanna.

Þótt tekin hafi verið ákvörðun um þessar veigamiklu breytingar í höfuðdráttum er útfærsla hennar eftir. Framundan er því veigamikil greiningar- og stefnumótunarvinna, en í kjölfar hennar koma svo lagabreytingar eins og þörf er á. Ég á því helst von á því að breytingar á starfsemi Byggðastofnunar verði hrundið í framkvæmd um leið og hið nýja atvinnuvega- og

nýsköpunarráðuneyti tekur til starfa, en stefnt er að því svo verði eigi síðar en um mitt kjörtímabilið.

Að lokum þetta:

Við erum nú að leggja í langa vegferð sem að endingu mun leiða til þess að þjóðin stendur frammi fyrir því að samþykkja eða hafna samningi um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að Evrópusambandið sé vettvangur þar sem Íslendingar eigi að eiga fullgildan sess. Ekki vegna þess að þar sé að finna lausn á öllum íslenskum vandamálum eða vegna þess að aðild geti reddað okkur út úr bráðavanda bankahrunsins. Heldur vegna þess að við erum Evrópuþjóð og þurfum að hafa skjól af samvinnu þeirra á sviði efnahags-, öryggis- og menningarmála í hörðum heimi. Og það er fullreynt að við getum ekki tekið þátt í opnu og alþjóðlegu hagkerfi með örmynt að vopni. Uptaka evru með aðild að ESB mun skapa mikilvægar undirstöður öflugs atvinnulífs.

Skáldið Hannes Pétursson kvað sér eftirminnilega hljóðs í Morgunblaðinu á dögnum. Þar leiddi hann á sinn skáldlega hátt fram þá einföldu staðreynd að sjávarútvegur og landbúnaður eru háð innflutningi á margskonar aðföngum og þjónustu, vélum og tækjum, til þess að geta séð okkur fyrir nauðþurftum og selt vöru á alþjóðlegum mörkuðum. Matvælaöryggið sem þessar greinar tryggja okkur snýst því, þegar öllu er til skila haldið, um gengi og vexti af lánum. Við Íslendingar byggjum eyland, en við erum, sem þjóð og sem einstaklingar, ekki eyland því við erum háð viðskiptum og samskiptum við aðrar þjóðir og einstaklinga heima og heiman.

Þess vegna eigum við óhikað að taka næsta skref inn í fullveðja samstarf Evrópuþjóða með aðildarumsókn. Ég er algjörlega sannfærð um að byggðir landsins munu, þegar litið er til heildarhagsmuna, hljóta margvíslegan ávinning af aðild að Evrópusambandinu eins og fjölmargir gera sér grein fyrir eftir að hafa kynnt sér málin. Ýmis fyrirtæki í landbúnaði og sjávarútvegi munu við aðild þurfa að laga sig að nýjum aðstæðum en ekki umfram það sem þau hafa þurft að gera á síðustu áratugum í kjölfar hraðra breytinga á mörkuðum og alþjóðlegum reglum. Það er fjarri lagi að þessar atvinnugreinar muni leggjast af eins og stundum heyrst úr horni hagsmunaðila, enda kemur ekki til greina að ganga að neinum afarkostum í komandi samningaviðræðum við Evrópusambandið. Þegar kemur að sjávarútveginum er um að grundvallarhagsmunum okkar Íslendinga að ræða. ESB gengur ekki gegn grundvallarhagsmunum aðildarþjóða. Við skulum því feta okkur bjartsýn og vongóð inn á braut samninga við ESB.

Góðir ársfundargestir!

Ég veit að við munum eiga gott og árangursríkt samstarf á næstu misserum. Ég hlakka til þess.